

## HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

# STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Sláturfélagið Búi svf.  
kt. 570901-3460

Starfsstöð: Sláturhús, Heppuvegi 6, 780 Höfn  
Fastanúmer fasteignar 222-1531

Leyfið gildir frá 19. desember 2019 til 19. desember 2031

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

**starfsemi sláturhúss skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir m.s.br.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.


Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Sláturfélagið Búi svf., kt. 570901-3460

Starfsstöð: Heppuvegur 6, 780 Höfn

Fastanúmer: 222-1531

Leyfið gildir frá 19. 12. 2019 til 19.12. 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Sláturhús**

Starfsleyfi þetta er gefið út á grunni umsóknar dags. 8. október 2019 og með vísan í

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

Leyfið gildir vegna mengunarvarna fyrir rekstur sláturhúss fyrir sauðfjárslátrun og geita. Einnig gildir leyfið fyrir aðstöðu til að sviða hausa og fyrir þvottaplan til þrifa á fjárflutningabílum o.þ.h.

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum.

Auk ofangreindra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda skal farið eftir

- almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi
- Starfsleyfisskilyrðum fyrir sláturhús og kjötvinnslur

### 1. Lýsing á starfseminni

Um er að ræða hefðbundið sauðfjársláturhús, þar sem einnig hefur verið slátrað stórgripum í nokkrum magni.

Starfsleyfið nær einnig til mengunarvarna eftirfarandi þátta í starfsemi sláturhússins:

- Aðstöðu til þvotta á flutningatækjum á þvottaplani við Álaugarveg, m.a. varðandi mengunarvarnir fráveitu frá þvottaplaninu.
- Aðstöðu til að sviða hausa er í skúr austast á lóð sláturhússins, m.a. hvað varðar varnir gegn loftmengun

### 2. Kröfur um varnir gegn mengun ytra umhverfis

#### 2.1. Almennt um lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

## 2.2. Mengunarvarnir fráveitu

### 2.2.1. Fráveita frá salernum

Fráveita frá snyrtingum, handlaugum o.þ.h. er leidd inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins

### 2.2.2. Fráveita frá vinnslu

Fráveita frá vinnslu í sláturhúsinu skal leidd um hreinsivirki, fituskilju. Ekki er heimilt að setja grófefni, blóð eða gor í fráveituna.

Aftan við fituskiljuna skal vera sýnatökubrunnur, þar sem auðvelt er að taka sýni af fráveituvatni sem berst inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins og til viðtaka.

Útrás frá fitugildru sláturhússins opnast í Skarðsfjörðinn norðan við Hornafjarðarhöfn.

### 2.2.3. Fráveita frá þvottaplani

Á þvottaplani við Álaugarveg eru fjárflutningabílar og önnur farartæki á vegum fyrirtækisins þvegin.

Fráveita frá þvottaplani við Álaugarveg skal leidd í skilju þar sem föstefni setjast til og fita flýtur upp áður en vökvi er leiddur inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins.

### 2.2.4. Þjónusta við hreinsivirki fráveitu

Tæming hreinsivirkja skal framkvæmd af aðila sem hefur til þess starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

### 2.2.5. Sýnataka af fráveituvatni

Fyrirtækið skal a.m.k. einu sinni á ári láta taka sýni af fráveituvatni frá fituskiljum og öðrum frárennislögnum fyrir vinnslu- og þvottavatn áður en því er hleypt inn á fráveitukerfi sveitarfélags eða í viðtaka. Sýni skulu tekin þegar vinnsla er í gangi og eðlilegt eða hámarksflæði mengandi efna er um hreinsivirki.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykktir.

Rannsaka skal magn fitu í fráveituvatninu, COD eða BOD og magn svifagna. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Við mat á niðurstöðum mælinganna skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi töflu frá Umhverfisstofnun „Fitugildir – viðmið fyrir fráveitusamþykktir sveitarfélaga“, miðað við viðkvæman viðtaka, þ.e.

Tafla 1. Viðmið um mæligildi í fráveituvatni

	COD mg/l O <sub>2</sub>	BOD mg/l O <sub>2</sub>	SS mg/l	Fita mg/l
Síður viðkvæmur viðtaki	1000		500	100
Viðkvæmur viðtaki <sup>1</sup>	125	25	35	50

1. Viðtakar eru misviðkvæmir og gildin sem hér eru nefnd ætti aðeins að hafa sem viðmið. Ætíð þarf að meta þol viðtakans og hafa losunarmörk skv. því. Æskilegt að straumar séu þekktir og þynningalíkon liggi fyrir. Ef sveitarfélag býr við kröfu um tveggja þrepa hreinsun má ekki setja meiri mengun út á lagnakerfið en hér er gert ráð fyrir.

Mælist mengun í fráveitu aftan við hreinsivirki yfir viðmiðunarmörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til fráveituvatni er innan stenst gæðakröfur.

## 2.3. Mengunarvarnir andrúmslofts

### 2.3.1. Almenn

Krafa er um að loft- og lyktarmengun verði haldið í lágmarki. Úrgangur skal unninn eða honum fargað eins fljótt og unnt er til að forðast lyktarmengun.

Um málaflokkinn gildir m.a.

- Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði

### 2.3.2. Varnir gegn loftmengun við sviðaaðstöðu

Þar sem hausar eru sviðnir er krafa um útsogsviftu og sótsíu áður en útsogslofti er sleppt út í umhverfið.

Sótmengaðar síur skulu annaðhvort þvegnar eða þeim fargað á löglegum sorpförgunarstað.

## 2.4. Úrgangur

### 2.4.1. Almenn

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við lög sem gilda um málaflokkinn sem og reglur sveitarfélagsins. Eftir föngum skal draga úr magni úrgangs til förgunar.

Leitast skal við að draga úr myndun úrgangs, endurnýta og endurvinna eins mikið af úrgangi og hliðarafurðum og unnt er.

Skylt er að nota ílát undir úrgang sem Heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt, ílát til flutnings á sláturúrgangi skulu vera vökvaheld og með yfirbreiðslu ef þau eru ekki lokuð.

Flutningur og geymsla á áhættuúrgangi (cat 1 og cat 2) skal fara fram í lokuðum og vökvaheldum ílátum.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um. Spilliefni skulu geymd þannig að tryggt sé að þau blotni ekki.

Halda skal skrá um magn hvers konar úrgangs eða hliðarafurða og hvert slíkt er flutt til endurvinnslu, endurnotkunar eða förgunar.

Um úrgang gilda m.a.

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

### 3. Innra eftirlit

Rekstraraðili skal viðhafa innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar skv. ákvæðum í fylgiskjali 2, m.a.

- Þjónustu og tæmingar hreinsivirkja, hver tæmir, hvenær hve mikið er fjarlægt og hvert er því skilað
- Magn og tegundir úrgangs, þ.m.t. áhættuúrgangs og hliðarafurða, hvert slíkt er flutt til endurvinnslu eða förgunar, hvenær og hver flutningsaðili er.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

### 4. Óhöpp

Komi til óhappa eða slysa sem geta haf umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll. Óhöpp skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

## Fylgiskjal

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

### **Starfsleyfisskilyrði fyrir sláturhús og kjötvinnslu**

#### **1 Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir kjötvinnslu, sláturhús, niðursuðu og reykmeðferð á kjötvörum.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi tarfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
  - b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
  - c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins.
  - d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
  - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á.
  - f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna rekstrar starfsstöðvarinnar.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

#### **2 Varnir gegn mengun umhverfis**

- 2.1 Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- 2.2 Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta.
- 2.3 Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka í samráði við viðeigandi heilbrigðiseftirlit.
- 2.4 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.
- 2.5 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.
- 2.6 Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á

umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

- 2.7 Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrífist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi.
- 2.8 Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun um kælimiðla.
- 2.9 Ef mengunaróhapp verður, s.s leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.
- 2.10 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra hættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.
- 2.11 Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að hvorki mengunar- né slyshætta skapist.

### **3 Losunarmörk og sýnataka**

- 3.1 Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem leyfisveitandi starfsleyfis setur fyrir fráveitukerfi.
- 3.2 Ef frárennsli rekstraraðila rennur beint í viðtaka skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til losunar tiltekinna efna með umhverfismörkum í viðeigandi reglugerðum.
- 3.3 Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað